



Velkomin á Víðistaðatún í ævintýraheim höggmyndanna.
List og leikur er ratleikur fyrir alla fjölskylduna þar sem þið leitið að 10 vísbendingum. Á hverjum stað finnið þið vísbendingu um stafi sem mynda orð - nafn á stað sem allir ættu að heimsækja hér í Hafnarfirði.



Vísbending 1

Hvar er stóri guli himnastóllinn? Fyrsti stafurinn í nafni listaverksins er fyrsti stafurinn sem þú þarft.

Vald er vand með farið.

Vísbending 2

Næsta staf finnur þú hjá listaverkinu Pílagrímur. Fyrsti stafurinn í fyrsta nafni listamannsins finndu nú.

Pílagrímur er sá sem ferðast til helgra staða.

Vísbending 3

Næstu vísbendingu finnur þú hjá gulu öldunum hans Sebastian. Hvað heitir þetta listaverk? Finndu þriðja stafinn í þriðja orðinu.

List og leikur eru tilbrigði við lífið.

Vísbending 4

Nú ertu búin að finna þrjá stafi – næstu vísbendingu færðu hjá símaskúlptúrnum það er þriðji stafurinn í nafni listakonunnar og gettu nú?

List getur bætt samband og aukið skilning.

Vísbending 5

Hvar er skúlptúrin með bláa manninum sem stendur og horfir yfir túnið stafur númer tvö í nafni listaverksins er næsta vísbending.

Stundum sjá listamenn eitthvað sem við hin sjáum ei.

Vísbending 6

Frá bláa manningum gengur þú inn á tjaldsvæði og finnur næsta staf hjá verkinu þar sem stóra skóflan er en það er þriðji stafurinn í nafni listaverksins.

Er þetta gleðileg barnæska?

Handan þessa verks sérð þú skúlptúrinn Ikarus út í vatninu - *Ikarus bjó sér til vængi úr vaxi en flaug of nálægt sólinni, hvað gerðist þá?*

Vísbending 7

Rétt hjá Ikarus er fallegur blár bogadreginn skúlptúr þar finnurðu næsta staf en það er fyrsti stafurinn í nafni listamannsins.

Vinur er skjólgott tré.

Frá bláu bogunum er best að ganga fram hjá listaverkinu lárétt landslag að næstu vísbendingu.

Vísbending 8

Í gullna hliðinu finnurðu næsta staf en það er þriðji stafurinn í föðurnafni listamannsins.

Hvað er handan gullna hliðsins?

Vísbending 9

Næstu vísbendingu finnur þú hjá steinum hans Páls frá Húsafelli En það er annar stafurinn í nafni listaverksins.

Hverjir breytast í steina þegar sólin skín á þá?

Stundum er listin og náttúran samtvinnuð heild – eitt og hið sama.

Vísbending 10

Best er að ganga að Víðistaðakirkju á næsta stað. Síðasta stafinn finnur þú hjá ryðgaða boxinu – hvaða stafur er það?

Leynist eitthvað inn í boxinu?